

**151. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða**  
**föstudaginn 29. nóvember 2024.**  
**Fundurinn fór fram með Microsoft teams og hófst kl. 10:00**

Fundinn sátu: Catherine Chambers (á Ísafirði), Lilja Magnúsdóttir (á Tálknafirði), Smári Haraldsson (á Ísafirði) og Sigurður Halldór Árnason forstöðumaður (í Bolungarvík). Friðbjörg Matthíasdóttir mætti á fundinn undir 1. dagskrárlíð.

**1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 – 2027.**

Friðbjörg og Sigurður Halldór lögðu fram tillögur að fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 – 2027. Friðbjörg skýrði tillögurnar og gerði grein fyrir þeim. Stjórnin samþykkti framlagðar tillögur að fjárhagsáætlunum fyrir árin 2025, 2026 og 2027.

Áætlaðar rekstrartekjur fyrir árið 2025 voru kr. 166.367.500 (áætlaðar kr. 140.008.212 árið 2024). Fyrir árið 2026 voru tekjur áætlaðar kr. 150.867.500 og fyrir árið 2027 kr. 155.659.500. Mestu munar að seld þjónusta var áætluð hærri á árinu 2025 en á hinum árunum vegna verkefnasamninga sem eru í vinnslu. Rekstrargjöld voru áætluð kr. 164.839.110 á árinu 2025 (kr. 137.573.598 árið 2024). Fyrir árið 2026 voru rekstrargjöld áætluð kr. 149.587.451 og fyrir árið 2027 kr. 154.688.012.

**2. Fundargerð 150. Stjórnarfundar.**

Lögð fram fundargerðir 150. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða, sem haldinn var 8. nóvember 2024.

Fundargerðin hafði áður verið samþykkt og var nú lögð fram til kynningar.

**3. Úttekt á starfsemi náttúrustofanna.**

Formaður gerði grein fyrir fundi sem haldinn var 21. nóvember 2024 og var boðaður af umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu með aðildarsveitarfélögum náttúrustofanna um úttekt á starfsemi og tillögur um framtíðarfyrirkomulag náttúrustofanna, samanber vinnu sem ráðuneytið hefur staðið fyrir. Stjórnarformenn voru einnig boðaðir á fundinn.

Á fundinum voru lagðir fram tveir glærupakkar; annar um stöðumat og hinn um mögulegar sviðsmyndir.

Fyrir fundinn hafði ráðuneytinu borist ályktanir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og bæjarráði Bolungarvíkur þar sem haldið var á lofti mikilvægi Náttúrustofu Vestfjarða.

Niðurstaða fundarins var að settur yrði saman þriggja manna hópur skipaður tveimur forstöðumönnum náttúrustofa og forstjóra Náttúrufræðistofnunar sem myndu vinna að því að útfæra nánar sviðsmynd 5 sem kom frá forstöðumönnum stofanna og var

kynnt og rædd á fundinum, þ.e. aukið samstarf náttúrustofanna við Náttúrufræðistofnun. Almennt virtust fundarmönnum lítast vel á þá sviðsmynd.

Sú vinna yrði svo kynnt sveitarfélögunum og aðrar náttúrustofur og sveitarfélögin gætu þar komið sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í ljósi þess að þessi vinna er eftir þá verða samningar ríkisins við náttúrustofurnar framlengdir um eitt ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.57.